

Sp.

912. Nefndarálit

[278. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1976—79.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1976—1979 er gert ráð fyrir 25% niðurskurði framkvæmda á þessu ári miðað við áætlaðar framkvæmdir samkv. núgildandi vegáætlun. Þessi niðurskurður kemur til viðbótar jafnmiklum niðurskurði á árinu 1975. Framkvæmdir í ár eru því samkv. þingsályktunartillögunni einungis um 56% af framkvæmdamagni á vegáætlun 1974.

Í þáltill. um vegáætlun var þessi niðurstaða um óbreytta krónutölu framkvæmdafjár til nýrra hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta og um niðurskurð

vegaframkvæmda um fjórðung fengin með því að auka lántökur um 52% á árinu 1976, eða úr 1 050 millj. kr. í 1 600 millj. kr. Í þáttill. er gert ráð fyrir að 75% allra framkvæmda við nýja þjóðvegi byggist á lántökum, þar á meðal á bráðabirgðalánnum til eins eða tveggja ára, en greiðsla þeirra lána kemur til frádráttar framkvæmdafé þegar á árunum 1977 og 1978.

Hinn 16. maí 1975 voru samþykkt á Alþingi lög, sem gerðu skylt að tekið yrði 2 000 millj. kr. lán til framkvæmda við Norður- og Austurveg á næstu 4 árum, eða 500 millj. kr. til jafnaðar á ári, í fyrsta sinn 1976. Var því slegið föstu, að fjárhæðir þessar kæmu til viðbótar almennu framkvæmdafé á þessum árum.

Þrátt fyrir samþykkt þessara laga um sérstakar framkvæmdir við Norður- og Austurveg var í þingsályktunartillögunni um vegafamkvæmdir á árunum 1976—1979 gert ráð fyrir að þessi fjáröflun, sem innifalin var í tekjuhlið áætlunarinnar, rynni til almennra vegafamkvæmda. Einungis með þessum hætti hafði ríkisstjórnarflokkunum tekist að halda óbreyttri krónutölu framkvæmdafjár til nýrra þjóðvega, en það jafngildir í reynd 25% niðurskurði.

Eftir að þingmenn gerðu sér grein fyrir að hverju var stefnt með þessari uppbyggingu vegáætlunar, varð ljóst, að ríkisstjórninni var ókleift að afgreiða vegáætlun með venjulegum og lögboðnum hætti.

Stjórnarflokkarnir hafa því orðið að horfast í augu við þá staðreynd, að þeir hafa komið málum Vegasjóðs í algert þrot á tveggja ára stjórnartíma sínum og eru ekki færir um að afgreiða vegáætlun eins og lög standa til. Hefur því verið gripið til þess ráðs að áætla tekjur á pappírnum 100 millj. kr. hærrí en gert var í þáttill., sem lögð var fram fyrir 10 dögum. Á þessari hækkun áætlaðra tekna af innflutningsgjaldi og þungaskatti hafa engar skýringar fengist eða frekari sundurliðanir. Jafnframt hefur verið ákveðið að skera niður áætluð framlög til verkfræðilegs undirbúnings um 20 millj. kr., eða um 16%, og til vatnaskemmda og ófyrirséðs kostnaðar um 30 millj. kr., eða um 41%.

Tillögur þessar eru algerlega óraunhæfar. Aukning framkvæmdafjár með þessum hætti er fullkomlega jafngildi þess að fótta hund með bita af eigin rófu.

Með þessum hætti er lagt til að framlög til nýrra þjóðvega hækki um 150 millj. kr. og á að verja þeirri hækkun til framkvæmda við Norður- og Austurveg, en framlög til annarra framkvæmda verða óbreytt og skerðast að raungildi um fjórðung frá árinu 1975.

Enn skortir þá 350 millj. kr. til þess að staðið sé við lagaákvæðið um að 500 millj. kr. lánsfjáröflun til Norður- og Austurvegar á þessu ári verði raunverulega varið til þessara vega. Þess í stað er nú við það miðað, að óbreytt fjárveiting að krónutölu til almennra vegafamkvæmda sé m.a. byggð á 350 millj. kr. láni frá Norður- og Austurvegi og eigi að endurgreiðast á næsta ári eða árum, þannig að almennar framkvæmdir skerðist þá sem því nemur frá því sem ella yrði til þeirra varið.

Þegar þessi óskapnaður allur lá fyrir varðandi vegáætlun fyrir árið 1976 og algert getuleysi blasti við varðandi næstu þrjú ár, sem skylt er að gera áætlun um samkv. vegalögum, var uppgjöfin staðfest með flutningi frumvarps ríkisstjórnarinnar um breytingu á vegalögum, þess efnis, að engin vegáætlun verði afgreidd eins og gildandi lög gera ráð fyrir, heldur verði tekjur og gjöld Vegasjóðs á þessu ári einungis samþykkt með bráðabirgðavegáætlun.

Alþingi hefur einungis haft þingsályktunartillöguna um vegáætlun til meðferðar í rúma viku, samtímis því að ríkt hafa á Alþingi meiri annir vegna fyrirhugaðra þingslita en áður hefur þekkt. Er því ljóst, að ekkert svigrúm er til að ráða fram úr vandamálum Vegasjóðs á þessum fáu dögum.

Afgreiðsla vegáætlunar er eitt hinna mikilverðustu mála þingsins. Verður því mjög að átelja hvornig hæstv. ríkisstj. hefur staðið að afgreiðslu þessa máls eftir að stefna hennar í efnahagsmálum hefur komið Vegasjóði í algert þrot.

Eftir tveggja ára stjórnarsetu hægri stjórnar undir forustu Sjálfstæðisflokksins blasir við í vegamálum æði ólík mynd þeirri, sem Sjálfstæðisflokkurinn gaf fyrir-

heit um, áður en hann tók við stjórnarforustunni. Þá töldu forustumenn flokksins sjálfsagt að stórauka framlag ríkissjóðs til vegamála af þeim tekjum, sem hann hefur af umferðinni í landinu. Slík úrræði til að efla hag Vegasjóðs heyrast ekki úr þeim herbúðum nú, enda hafa stjórnarflokkarnir ekki síður komið ríkissjóði í þrot en Vegasjóði, þrátt fyrir síhækkandi tekjur ríkissjóðs af umferðinni.

Þess má geta, að samtímis því að ríkissjóður greiðir 1556 millj. kr. á árinu 1976 í afborganir, vexti og beint framlag vegna Vegasjóðs, nema tekjur í ríkissjóð af tollum og söluskatti af bifreiðum og bensíni 4200 millj. kr.

Söluskattstekjur ríkissjóðs af bensíni og bifreiðum eru áætlaðar 1900 millj. kr. í ár og nema nærri jafnhárri upphæð og varið er til allra nýrra vegaf framkvæmda. Hafa söluskattstekjur ríkissjóðs af bensíni og bifreiðum þá hækkað um nær 500 millj. kr. frá árinu 1975 á sama tíma og raungildi vegaf framkvæmda lækkar um fjórðung.

Eftir tveggja ára forustu Sjálfstæðisflokksins í ríkisfjármálum er hag ríkissjóðs hins vegar svo komið, þrátt fyrir síaukna skattheimtu, að þaðan er engrar aðstoðar að vænta fyrir Vegasjóð. Má í því sambandi geta þess, að samkv. nýjustu opinberum upplýsingum um skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann hafa þær enn aukist í mars s.l. um 1218 millj. kr.

Vegna þess hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur leikið Vegasjóð og ríkissjóð verður ekki á svo örskömmum tíma sem gefinn er til afgreiðslu vegáætlunar spornað við því, að stjórnarflokkarnir afgreiði málefni Vegasjóðs með þeim einstæða hætti sem þeir stefna að.

Til þessa hefur jafnan við afgreiðslu vegáætlunar tekist að ná samstöðu þingmanna stjórnar og stjórnarandstöðu um heildarafgreiðslu málsins. Minni hl. fjvn. telur hins vegar, að vegna þess, hversu seint þingsályktunartillagan um vegáætlun er lögð fram að þessu sinni og hvernig að undirbúningi og afgreiðslu hefur verið staðið, sé honum ókleift að afgreiða vegáætlun á þann hátt sem meiri hl. fjvn. hefur nú ákveðið.

Alþingi, 18. maí 1976.

Geir Gunnarsson,
frsm.

Jón Árm. Héðinsson.

Karvel Pálmason.